

## 1010. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Auk þess Helga Árnadóttir sviðsstjóri Rekstrarsviðs VR.

Gestur fundarins var Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Frá Lív: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Snæbjörn Sigurðarson, Margrét Ingþórsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir sem var með símatengingu við fundinn. Auk þess Ástríður Valbjörnsdóttir.

Dagskrá:

### A. Sameiginlegur fundur stjórnna VR og Lív

#### 1. Staðan í efnahagsmálum – Ólafur Darri ASÍ

Sameiginlegur fundur stjórnna VR og Lív hófst með því að Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, hélt erindi um stöðuna í efnahagsmálum.

Fram kom í máli Ólafs Darra að Ísland þyrfti að fá aðstoð frá alþjóðasamfélaginu og að það væri algjört lykilatriði að stefna að upptöku evru.

Aðalatriðið er að grípa strax til aðgerða því það má engan tíma missa.

Umræður urðu um erindi Ólafs Darra og var varpað fram fyrirspurnum sem hann svaraði og var svo þakkað fyrir fróðlegt erindi. Vék hann síðan af fundi.

#### 2. Endurreisnarsjóður Íslands

Ingibjörg sagði frá hugleiðingum svo nefnds krísuhóps, þar sem fulltrúar frá ASÍ, SA og Viðskiptaráði hafi verið að velta upp hugmyndum um stofnun fjárfestingarsjóðs til endurreisnar atvinnulífs á Íslandi. Hugmyndin er að að þeim sjóði stæðu ríkið, lífeyrissjóðir og erlendir aðilar.

Umræður urðu nokkrar um hugmyndina að Endurreisnarsjóði.

#### 3. „Áfram Ísland“

Ingibjörg ræddi komandi fundarherferð ASÍ, „Áfram Ísland- fyrir hag heimilanna. Hvert skal stefna?“ sem myndi enda með útifundi. Markmiðið er að koma með jákvæða herferð.

#### 4. Örlánaverkefni

Gunnar Páll ræddi fyrirspurn frá Listaháskólanum og HR um það hvort VR vildi hafa aðkomu að verkefnum eins og svo nefndum örlánaverkefnum. Gunnar Páll fékk umboð til að skoða þetta nánar.

Kl. 19:17 lauk sameiginlegum fundi stjórnna VR og Lív. Véku stjórnarmenn Lív af fundi.

## B. Stjórnarfundur VR

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað til næsta fundar.

### 2. Félagsfundur VR

Gunnar Páll ræddi það að óvíst væri hvaða stemming yrði á fundinum á morgun en hann hefur beðið lögfræðing um að meta hvað hægt væri að álykta um. Hægt er að ávíta formann og stjórn. Einnig að krefjast kosningar um vantraust og ef slíkt yrði samþykkt færur við í allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu. Deildar meiningar eru um það hvort hægt sé að boða til aukaaðalfundar en ef svo væri er aðeins hægt að fjalla þar um aðalfundarmál.

Það er augljóslega undiralda en við vitum ekki hve mikil hún er eða hve langvinn hún getur orðið.

Umræður urðu um þetta mál

Kl. 19:54 vék Gunnar Páll af fundi til þess að eiga netfund með VR félögum á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum og tók Stefanía við fundarstjórn á meðan.

### 3. Sjóðir VR

Helga Árnadóttir, sviðsstjóri Rekstrarsviðs VR, tók til máls og fór yfir glæsur, „Staða VR okt/nóv. 2008“, einnig var lagt fram í fundargögnum skjalið „Sjóðir VR“. Kom fram í máli Helgu, m.a. að heildareignir VR væru um 6 milljarðar en erfitt sé að meta nákvæma stöðu að svo stöddu. Stærsti hluti eigna sé í vörslu Glitnis, Kaupþings og Íslenskra verðbréfa. 79% fékkst tilbaka úr „Sjóði 9“ en aðrir sjóðir eru óuppgerðir. Staða VR er mun betri en búast hefði mátt við og er það að þakka varkárri fjárfestingarstefnu þar sem áhættan hefur markvisst verið minnkuð. Kom fram að VR áætla um 5% rýrnun sjóða félagsins og var rætt um að koma með tilkynningu um þetta því við fáum mikið af fyrirspurnum m.a. vegna niðurskurðar á varasjóði. Varpaði Helga fram tillögu og var eftirfarandi tillaga samþykkt:

*Staða sjóða VR*

*- samkvæmt mati fagaðila á peningalegum verðmætum sjóða félagsins  
Faglegt bráðabirgðamat viðskiptabanka VR og óháðra endurskoðenda á verðmætum sjóða félagsins gefur til kynna mun sterkari stöðu en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir þegar efnahagskreppan varð að veruleika. Samkvæmt mati þeirra hefur verðmæti félagsins í sjóðum þess rýrnað um innan við 5% það sem af er ári. Helstu peningalegar eignir VR eru í sjúkrasjóði, orlofssjóði, varasjóði og félagssjóði og hefur fjárfestingastefna þeirra ætíð einkennst af mikilli varfærni. Það er því ánægjulegt að sú stefna virðist vera að skila mun betri árangri en búast mátti við í því ástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum.*

Verður þessi tilkynning send út á heimasíðu VR strax í kvöld og svo til fjölmiðla.

### 4. Níu mánaða uppgjör

Helga lagði nú fram skjalið „Uppgjör janúar – september 2008“ um níu mánaða uppgjör. Lagði hún áherslu á að þetta sýndi stöðuna áður en að efnahagskreppan

skall á og gefi því ekki rétta mynd því væntanlega hafa allar fjármunatekjur tapast og munu því ekki verða í ársuppgjörinu.

Kl. 20:31 gekk Gunnar Páll aftur á fundinn og tók við fundarstjórn.

#### 5. **Rekstrarsvið**

Helga Árnadóttir, sviðsstjóri Rekstrarsviðs VR kynnti sitt svið.

Þar er 7 manna hópur með mikla sérþekkingu og reynslu. Helstu verkefni og áherslur eru fjármál, rekstur og starfsmannamál. Fór Helga yfir öll helstu verkefnin og hverjir sæu um hvað.

Sviðið er stoðsvið við hin sviðin og reksturinn allan.

Helga var þakkað fyrir kynninguna og með lófataki.

#### 6. **Horft til framtíðar**

Gunnar Páll ræddi um það að við myndum fljótlega fara að huga að stefnumótun og hafi Pétur Guðjónsson, ráðgjafi, komið að máli við sig og kynnt sér tillögur. Vísast í skjal „*Siglt í gegnum brimrótið*“ frá Global Consulting Group. Til athugunar.

#### 7. **Verðlagning orlofshúsa VR**

Gunnar Páll skýrði frá því að stjórn orlofssjóðs legði, að svo komnu máli, ekki til hækkun á leiguverði orlofshúsa vegna stöðu efnahagsmála. Voru fundarmenn sammála því mati.

#### 8. **Styrkir**

- Neytendasamtökinn

Gunnar Páll lagði fram skjal „*Beiðni um styrkveitingu til Neytendasamtakanna*“ dags. 29. okt. 2008. Samtökin fengu síðast 200. þús. kr. styrk frá okkur árið 2007. Skoðum og ákveðum á næsta fundi.

- Leikverkið; ályktun 1325

Gunnar Páll lagði fram skjal, „*Lýsing og konsept leikverksins Ályktun 1325*“ dags. 20. okt. 2008, sem er lýsing á uppsetningu á leikriti í Þjóðmenningarhúsinu. Ósk um 500 þús. kr. styrk. Skoðum þetta frekar og ákvörðun frestað.

#### 9. **Trúnaðarmenn**

a	Heiða Hrönn Harðardóttir	Nova	Nýr
b	Svanhildur Skúladóttir	Nova	Nýr
c	Trausti Guðmundsson	Hugur /Ax	Endurkjör
d	Jón Egill Eypórsson	Icelandair Hotels Loftleiðir	Nýr
e	Ágúst Kristmanns	Rafport ehf	Nýr
f	Nick Cathcart-Jones	Sagafilm ehf	Nýr
g	Ellý Sandra Ingvarsdóttir	Olís - Akranes	Nýr

Samþykkt.